



Aðalfundur FUÁ - 16. maí 2018



Ársskýrsla félagsins

September: Fundað var í byrjun september og þá skipti stjórnin með sér verkum. Á fundinum var líka hugstormun fyrir vetrarstarfið.

Október: Fundað var 10. október og þá skoðuðum við hugstormunina frá síðasta fundi. Ákveðið var að byrja á því að hafa bleikan dag á föstudeginum 13. október og svo voru umræður um bangsadaginn 27. október þar sem rætt var um hvort að það ætti að vera líka náttfatadagur. Auglýsingar voru einnig búnar til fyrir þessa daga á aukafundum í mánuðinum.

Nóvember: Fundað var 28. nóvember. Þá var rætt um jólasveinahúfu dag fyrir jólin og hávaða á matsal og hugmyndir ræddar um hvað væri hægt að gera því til úrbóta. Tillögur FUÁ voru að breyta uppröðun á sætum í salnum og ef menn væru stilltir þá fengju þeir að velja stundum sæti. Ýmsar útgáfur af sætafyrirkomulagi hafa svo verið frá áramótum.

Desember: Í desember var hist á stuttum fundi til að útbúa auglýsingar fyrir jólasveinahúfudaginn sem var föstudaginn 15. desember.

Janúar: Fundað var 9. janúar og á þessum fundi fór fram hugstormun fyrir vorönnina. Umræður fóru fram um fótboltamót FUÁ og umhverfisbrosin voru rædd ásamt fleiru.

Febrúar: Í febrúar var vetrarleyfi og mikið um veikindi og ekki var fundað í mánuðinum.

Mars: Fundað var 2. mars og þá var m.a. rætt um rafmagnsloausa daginn sem var haldinn mánudaginn 5. mars.

Apríl: Fundað var 16. apríl og þá ræddum við um dagsetningu fyrir fótboltamótið í júní og tíma fyrir aðalfundinn. Einnig var ákveðið að hafa höfuðfatadag miðvikudaginn 9. maí.

Maí: Í maí var fundað nokkrum sinnum til að undirbúa höfuðfatadag, undirbúa aðalfund og skipuleggja fótboltamót FUÁ.

Stjórn FUÁ veturinn 2017 - 2018